

Vestmannaeyjum, 26. mars, 2021

## Efni: Næstu skref í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og vegna fjórðu iðnbyltingarinnar

Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, vill hér með vekja athygli stjórnvalda á mikilvægu málefni sem nú fær aukna athygli á Íslandi sem og erlendis. Alda vill vekja athygli á því að nú er gott tækifæri til að þroska þetta mál frekar og taka næstu skref í málinu. Vert er einnig, að mati félagsins, að vekja athygli á fleiri hliðum málsins en helst hafa verið ræddar hér á Íslandi.

Málefnið er stytting vinnuvikunnar, sem nú er ýmist verið að innleiða eða búið að innleiða á þúsundum vinnustaða á Íslandi með góðum árangri, en stytting vinnuvikunnar er einnig farin að vekja verðskuldaða athygli víða erlendis. Árangurinn af styttingu vinnuvikunnar á Íslandi, sem og erlendis – einkum hjá stöku einkafyrirtækjum –, hefur verið með ágætum og má búast við að svo verði áfram. Öldu þykir, í ljósi þessa, rétt að undirbúin séu næstu skref í þessu máli, hér á Íslandi, og er þá átt við lagasetningu og/eða hvata í atvinnulífinu, og byggja þannig á þeim árangri sem þegar hefur náðst. Þannig má þroska þetta mál áfram en jafnframt ná árangri á öðrum sviðum, eins og vikið verður að hér að neðan.

### Áhugi um allan heim

Óhætt er að segja að stytting vinnuvikunnar sé málefni sem nú fer sem stormsveipur um heiminn: Á Íslandi hafa verið rekin árangursrík tilraunaverkefni, bæði hjá ríkinu og Reykjavíkurborg,<sup>1</sup> en einnig hafa nokkur einkafyrirtæki reynt styttingu hjá sér fyrir sína starfsmenn að eigin frumkvæði.<sup>2</sup> Þá hafa ýmis fyrirtæki í fjölmörgum löndum – s.s. Bretlandi,

---

<sup>1</sup> Fjallað hefur verið um tilraunaverkefnið í allnokkrum skýrslum, sjá m.a.: Reykjavíkurborg (júni 2019). *Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar: 2. áfangi*. Reykjavík: Reykjavíkurborg. – Stjórnarráð Íslands - Félagsmálaráðuneytið (Apríl, 2019). *Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar hjá ríkinu: Skýrsla um niðurstöður viðhorfskannana og hagrænna mælinga eftir tólf mánaða tilraun of styttingu vinnutíma*. Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir og Ingibjörg Björnsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

<sup>2</sup> Hér er einkum átt við tvö fyrirtæki, sjá: Marianna Björk Ásmundsdóttir (2019). *Tími verðmætari en peningar: Ákvarðanatökufæri, áskoranir og ávinningur af styttingu vinnuvikunnar*. Óútgefin BS-ritgerð við Háskóla Íslands. Sótt frá from <https://skemman.is/handle/1946/33011> – Vitað er að fyrirtækin eru fleiri.

Þýskalandi, Ítalíu, Austurríki, Nýja-Sjálandi, Belgíu og Japan – nýlega prófað sig áfram með styttri vinnuviku fyrir sína starfsmenn, með góðum árangri.<sup>3</sup> Þá er stjórnmalalegur áhugi fyrir málinu hjá Skoska þjóðarflokki,<sup>4</sup> hjá forsætisráðherrum Finnlands og Nýja-Sjálands,<sup>5</sup> hjá að minnsta kosti fjórum flokkum í Noregi, hjá bæði SDP og Die Linke í Þýskalandi.<sup>6</sup> Hjá héraðsstjórninni í Valensíu á Spáni og innan stjórnarflokka á Spáni er áhugi fyrir því að þróa leiðir til að stytta vinnuvikuna með hvötum,<sup>7</sup> er þar nú nýbúið að samþykkja að fara af stað með tilraunaverkefni í þessa veruna. Þá er áhugi fyrir málinu meðal stéttarfélaganna í Bretlandi – s.s. hjá Unite the Union, Communication Workers Union og Trades Union Congress –,<sup>8</sup> meðal stéttarfélaganna í Þýskalandi – IG Metall, Verdi og EVG – og á Ítalíu, Noregi og víðar. Um er að ræða mikinn metnað hjá þessum aðilum, og viss endurskoðun á gildum liggur að baki þessum áhuga.

Í fræðasamfélaginu er einnig mikill áhugi, eins og meðal annars má sjá af nýlegum rannsóknum erlendis. Þannig gaf Henley Business School, virtur viðskiptaháskóli í Bretlandi, út skýrslu um þessi mál, en niðurstöðurnar benda til þess að styttri vinnuvika – úr fimm virkum dögum í fjóra, í þessari rannsókn – hafi jákvæð áhrif á fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum að vinna minna, einkum í formi þess að eiga auðveldar með að laða að sér starfsfólk, og þá eru jákvæð áhrif á starfsfólkið í formi minni streitu og meiri lífsánægju.<sup>9</sup> Autonomy, bresk rannsóknarstofnun, gaf út skýrslu fyrir nokkrum misserum, þar sem svipuð áhrif eru tíunduð en einnig ábati af skemmri vinnuviku hvað varðar vistkerfi jarðar – s.s. minni mengun, minni sóun og minni losun gróðurhúsalofttegunda – sem og fyrir andlega og líkamlega heilsu vinnandi fólks.<sup>10</sup>

Fleiri og fleiri rannsakendur hafa raunar fjallað um tengslin á milli vinnustunda og loftslagsbreytinga, og hafa bent á hvernig megi draga úr framtíðarlosun gróðurhúsalofttegunda með því að nýta aukningu á framleiðni til að fækka vinnustundum í stað þess að auka neyslu í hagkerfinu. Þannig megi viðhalda jafnvægi í hagkerfinu, en jafnframt hægja á eða stöðva

---

<sup>3</sup> Visast skal til fréttabréfa *The European Network for the Fair Sharing of Working Time* sem *New Economics Foundation* hýsir og gefur út. Fréttabréfin eru aðgengileg hér: <https://neweconomics.org/section/publications/work>

<sup>4</sup> Sjá nýlega stefnuyfirlýsingu flokksins; Marlborough, C. (1. desember 2020). SNP Conference overwhelmingly backs motion to explore four-day working week. *The Scotsman*.

<sup>5</sup> Helsinki Times (19. ágúst 2019). *Martin floats the idea of a four-day, 24 hour week working week*. – Roy, E. A. (20 maí 2020). Jacinda Ardern flags four-day working week as way to rebuild New Zealand after Covid-19. *The Guardian*

<sup>6</sup> Sjá fréttabréf *The European Network*.

<sup>7</sup> Kassam, A (15. mars 2021). Spain to launch trial of four-day working week. *The Guardian*. – Stone, J. (24. nóvember 2020). Spain's left-wing government could help companies switch to four-day working week. *The Independent*.

<sup>8</sup> Sjá fyrrgreind fréttabréf. Sjá einnig: CWU - The Communications Union (e.d.). *Four pillars of security and pay – National agreement*.

<https://www.cwu.org/wp-content/uploads/2018/03/0555118-royal-mail-national-consultative-ballot-low-res.pdf> –

Trade Union Congress (2018). *A future that works for working people*. London: Trade Union Congress.

<https://www.tuc.org.uk/sites/default/files/FutureofWorkReport1.pdf>

<sup>9</sup> Fontinha, R. og Walker J. (e.d.) *Four Better or Four Worse?* Reading: Henley Business School, University of Reading.

<sup>10</sup> Autonomy (janúar 2019). *The shorter working week: A radical and pragmatic proposal*. Stronge, W. og Harper, A. (ritstj.). <https://autonomy.work/wp-content/uploads/2019/03/Shorter-working-week-docV6.pdf>

aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda. Hafa m.a. hagfræðingarnir Juliet Schor og Tim Jackson bent á kosti þessa í verkum sínum,<sup>11</sup> ásamt fleirum. Er á Ítalíu nú búið að koma á samkomulagi í þessa veruna, fyrir amk. einhvern hluta vinnandi fólks.<sup>12</sup> Þá hafa margir rannsakendur bent á að ein aðferð til að takast á við *fjórðu iðnbyltinguna*, sem svo er nefnd, sé einmitt sú sama: Aukning á framleiðni í hagkerfinu leiði til fækkunar vinnustunda.<sup>13</sup> Rétt er að undirstrika að undanfarna öld – og raunar lengur –, hefur aukin framleiðni mest verið nýtt til aukningar á neyslu, fremur en til styttingar vinnuvikunnar, og á það sérstaklega við um undanfarna fjóra áratugi.

Áhuginn í fræðasamfélaginu er ekki að ástæðulausu, enda eru greinileg tengsl á milli athafna mannanna á jörðinni og loftslagsbreytinga, og ein augljós leið til að stemma stigum við loftslagsbreytingum er að nýta aukna framleiðni á annan hátt en við höfum gert undanfarna öld eða svo. Þá eru greinileg þau stigvaxandi áhrif sem fjórða iðnbyltingin hefur á samfélög jarðar, eykur það og áhugann.

### Undirbúum næstu skref

Alda telur kjörið, að á þeim tímapunkti þegar baráttan við heimsfaraldur kórónuveirunnar tekur að skila árangri, verði viðspyrnan í efnahagsmálum þess eðlis að tekist verði á við loftslagsmálin af alvöru, og tekist verði á við fjórðu iðnbyltinguna jafnframt. Einnig verði unnið að því að auka lífsgæði almennings í formi betra jafnvægis vinnu og einkalífs. Telur félagið augljóst einnig, að með slíkum aðgerðum sé hægt að komast nær draumsýn fyrri kynslóða, um færri vinnustundir vegna aukinnar sjálfvirkni – nokkuð sem ákall hefur raunar verið um úr samfélaginu. Nýting aukinnar framleiðni til að stytta vinnuvikuna nær öllum þessum markmiðum samtímis. Ekki er seinna vænna að leggja grunninn að slíku á Íslandi hið fyrsta, líkt og nú er búið gera í Wales, með störfum framtíðarstofnunar.<sup>14</sup> Rétt er í þessu samhengi að minna á ákall Sameinuðu þjóðanna á undanförunum árum og áratugum um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.

Félagið vill undirstrika, að það telur ekki fullnægjandi lausn á fyrrgreindum vanda að nýta aukna framleiðni á þennan hátt, heldur telur félagið að slíkt sé *hluti* þess sem gera þurfi. Þannig telur félagið t.d. orkuskipti sjálfsögd, en félagið vill jafnframt sjá breytingu á nýtingu aukinnar framleiðni framtíðarinnar sem myndi fleyta okkur enn nær því að leysa vandann.

---

<sup>11</sup> Schor, J. (2013). The Triple Dividend. Í *Time On our Side*, bls. 3-18. Coote, A. og Franklin, J. (ritstj.). London: New Economics Foundation. – Jackson, T. (2009/2011). *Prosperity Without Growth: Economics for a Finite Planet*. Lonon: Earthscan.

<sup>12</sup> Sjá fréttabréfin.

<sup>13</sup> Sjá t.d. Autonomy (2019). Einnig: Srnicek, N. og Williams, A. (2015). *Inventing the Future*. London: Verso.

<sup>14</sup> Future Generations Commissioner for Wales (13. maí 2020). *Urgent Universal Basic Income, a four-day week and a well-being economy – Future Generations Commissioner's plan to reshape Wales after coronavirus*.

<https://www.futuregenerations.wales/news/urgent-universal-basic-income-a-four-day-week-and-a-wellbeing-economy-future-generations-commissioners-plan-to-reshape-wales-after-coronavirus/>

Félagið hvetur stjórnvöld til að koma upp þverfaglegum hópi fræðimanna, fulltrúum stéttarfélaga, atvinnulífsins og áhugasamtaka, sem og alþjóðlegum sérfræðingum, til að skoða ítarlega kosti þessa, og hvaða leiðir séu mögulegar í þessu sambandi, einkum með þarfir íslensks samfélags í huga. Félagið telur rétt að hópurinn verði leiddur af fræðimanni.

Alda býr yfir tengiliðum hjá sjálfstæðum, erlendum stofnunum, sem geta átt aðkomu að þessu samstarfi. Vekur félagið helst athygli á Autonomy,<sup>15</sup> breskri stofnun sem sérhæfir sig í þessum málum, og hefur yfir að ráða hagfræðingum og vinnumarkaðssérfræðingum – hefur Autonomy m.a. tekið þátt í stefnumótun í Bretlandi.

Félagið beinir því til stjórnvalda að koma á slíku samstarfi hið fyrsta, áður en núverandi kjarasamningar renna út, svo hrinda megi tillögum hópsins í framkvæmd í næstu kjarasamningum.

Félagið lýsir sig reiðubúið til að aðstoða við að koma upp hópi sem þessum og er reiðubúið til að ræða við stjórnvöld hvenær sem er um næstu skref í málinu.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,

---

Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður  
umsjónarmaður verkefnis um styttingu vinnuvikunnar.

Samhljóða afrit send á:  
Forsætisráðuneytið, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið,  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, og Félagsmálaráðuneytið.

---

<sup>15</sup> <https://autonomy.work/>